



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÁRANGURSRÍKUR FUNDUR MEÐ FORSETA KÍNA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í dag, þriðjudaginn 2. október, fund með Hu Jintao forseta Kína. Fundurinn fór fram í gestabústað forsetans í Shanghai og sátu hann jafnframt háttsettir ráðherrar og embættismenn frá Kína ásamt sendiherra Íslands í Kína, Gunnari Snorra Gunnarssyni, Örnólfi Thorssyni forsetaritari og Magnúsi Bjarnasyni formanni Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins.

Á fundinum fagnaði forseti Kína þeim mikla árangri sem orðið hefði í samvinnu landanna frá því forseti Íslands kom í opinbera heimsókn til Kína fyrir tveimur árum. Kínverjar teldu samvinnu við Ísland vera fyrirmynd í alþjóðlegum samskiptum, um það hvernig Kínverjar myndu starfa með öðrum þjóðum á nýrri öld.

Á fundinum rakti forseti Kína fjölmörg dæmi um árangursríka samvinnu við Íslendinga á sviði viðskipta, tækni, vísinda, menningar og mennta. Jafnframt lýsti hann yfir eindregnum og ótvíræðum stuðningi við framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Hinar sameiginlegu hitaveituframkvæmdir í borginni Xian Yang sem Orkuveita Reykjavíkur og Glitnir standa að ásamt kínverska orkufyrirtækinu Sinopec, hafa skilað ótvíræðum árangri. Forsetarnir ræddu um möguleika á stórauðinni samvinnu Íslendinga og Kínverja í byggingu hitaveitna í fjölmörgum stórborgum Kína. Slíkar framkvæmdir væru ekki eingöngu mikilvægt skref til að auka hlutdeild hreinnar orku í landinu heldur drægju þær einnig úr mengun í borgum og stuðluðu að auknu heilbrigði og lífsgæðum íbúanna. Mikilvægt væri að ræða á næstunni nýja áfanga í þessum efnum.

Forseti Kína hvatti íslensk fyrirtæki til að láta að sér kveða í Kína og bauð þau sérstaklega velkomin. Hann nefndi í þessu sambandi m.a.

lyfjaframleiðslu, flutningastarfsemi, matvælaframleiðslu, líftækni, byggingaiðnað og hugbúnað auk fleiri greina.

Einnig var rík áhersla lögð á samvinnu á sviði vísinda og tækni og óskaði Kínaforseti sérstaklega eftir samvinnu við Íslendinga í þróun viðvörunarkerfis vegna jarðskjálftavarna og á sviðum eldfjallarannsókna og jöklafræða.

Forseti Íslands lýsti niðurstöðum alþjóðlegrar ráðstefnu um landgræðslu sem nýlega var haldin á Íslandi í tilefni af 100 ára afmæli Landgræðslu ríkisins og hvernig sú þekking sem aflað hefði verið í baráttunni við uppblástur og sanda á Íslandi gæti nýst í baráttunni við eyðimerkurnar í Kína. Lýsti forseti Kína miklum áhuga á slíku samstarfi.

Á fundinum kom einnig fram að mikilvægt væri að fjöldasamtök og fulltrúar almennings í löndunum ættu greið samskipti og óskaði forseti Kína sérstaklega eftir samstarfi við fræðasetur og háskóla.

Forsetarnir ræddu einnig ítarlega um Heimsleika Special Olympics sem settir verða í Shanghai í kvöld. Þátttakendur frá 165 þjóðum sækja leikana og eru þeir stærsta íþróttahátíð heims á þessu ári. Kínverjar hafa búið leikunum glæsilega umgjörð og ætla þeim að verða stórt skref á alþjóðavettvangi til að styrkja hagsmuni og velferð seinfærra og þroskaheftra einstaklinga. Fjölmargir Íslendingar taka þátt í leikunum og er þátttaka þeirra skipulögð af Íþróttasambandi fatlaðra.

2. október 2007

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).